Matvæla-, fóður- og ABP fyrirtæki - Leyfi

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Umsókn móttekin	Málakerfi	1. Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn um leyfi / breytingu á leyfi til vinnslu matvæla, fóðurs eða ABP í þjónustugátt MAST; http://umsokn.mast.is. Umsækjandi fær sent staðfestingarnúmer umsóknar. Þegar umsækjandi velur aðgerðina "senda" birtist umsókn í málaskrá One. Heiti máls verður "*Nr. umsóknar*/Umsókn um leyfi til / fyrir xxxx", xxxx er lýsandi fyrir starfsemina, bréfalykill viðeigandi lykill í 3.xx.xx (fóður), 5.xx.xx (matvæli) eða 4.15.2 (ABP) (SKRA-098). - Öll gögn vegna samskipta skal vista í umsókninni í málakerfinu. Viðtakandi umsókna er ýmist héraðsdýralæknir, eftirlitsmaður, fagsviðsstjóri eða sérgreinadýralæknir sem sinnir frekari úrvinnslu (misjafnt eftir umdæmum). Aðrir starfsmenn eru í vissum málum tengdir aðilar.
2. Skráning og mat á umsókn	ÍS-Leyfur	2. Ábyrgðamaður málsins yfirfer upplýsingar í umsókninni (One) ef um nýtt leyfi er að ræða og velur eftirlitsmann fyrir umsóknaraðilann. Ef umsókn varðar litla framleiðslu með beinni afhendingu til neytanda þarf að meta hvernig leyfi á við (dreifingarleyfi án úttektar eða vinnsluleyfi) sjá „leiðbeiningar Framleiðsla og sala búfjárafurða beint frá býli" og skoða einnig leiðbeiningar um framleiðslu undir smáræðismörkum. Ef ekki er þörf á úttekt skal það skráð í málið og þættinum bætt inná leyfið sem er gefið út skv. lið nr. 7. og leiðbeiningar sendar til umsóknaraðila sem geta átt við. Ef að umsóknaraðili er þegar með sérleyfismarkaðs-leyfi þarf að tilkynna til Inn- og útflutningsdeildar.
3. Úttekt undirbúin		3. Eftirlitsmaðurinn metur gögn sbr. skoðunarhandbók LBE-008 ef umsókn varðar matvæli, sbr. LBE-079 ef umsókn varðar fóður og LBE-032 ef umsókn varðar afurðir nautgripa. Við skoðun á eggjapökkunarstöðvum skal einnig fylgja LBE- 062. Ef umsóknin varðar breytingu leyfis skal skm. byrja á að fara yfir stillingar fyrirtækisins í Ís-Leyfi, fara yfir þá þætti sem geta haft áhrif á áhættuflokkun og undirbúa viðbótareftirlit ef það á við. Úttekt er undirbúin og dagsett í samráði við umsækjanda.
4. Úttekt framkvæmd	Skýrsla ÍS-Leyfur	4. Framkvæmd skoðunar og frágangur skýrslu skal vera skv. lýsingu í kafla 1 í skoðunarhandbók. Skoða skal hvort viðeigandi kröfur séu uppfylltar. Ef kröfur eru ekki uppfylltar er umsókn hafnað en gefinn möguleiki á endurupptöku ef úrbætur verða gerðar fyrir næstu leyfisúttekt.
5. Skilyrt leyfi gefið út	Leyfi málakerfi	5. Ábm gefur út skilyrt leyfi til 3ja mánaða við fyrstu umsókn (til 6 mánaða fyrir skip). Þegar kröfur til grunnvirkja og búnaðar eru uppfylltar og áætlun um innra eftirlit liggur fyrir fer skm yfir málið (með ábm) og tekin er ákvörðun um hvort veita megi leyfi. Stöðu leyfis í Ís-Leyfi er þá breytt úr umsókn í skilyrt leyfi og það gefið út í Ís-Leyfi. Samtímis er bréf sent til umsækjanda í tölvupósti (bréf sótt í staðlaðan texta í málakerfi; "Samhæfing - Matvæli – skilyrt leyfi" eða „Samhæfing - Fóður – skilyrt leyfi"). Leyfi samþykktra starfsstöðva birtast á skyrslur.mast.is. Leyfisskírteini lítilla matvælafyrirtækja eru send í tölvupósti þegar við á (fyrirtæki með SF númer).
6. Endurúttekt	Skýrsla ÍS-Leyfur	6. Skm framkvæmir úttekt áður en skilyrta leyfið rennur út. Lögð er áhersla á að meta virkni innra eftirlits og hvort unnið er skv. tímasettri úrbótaáætlun. Ákvörðun um leyfisveitingu / framlengingu skilyrts leyfis til þriggja mánaða skal tekin í samráði við ábyrgðarmann/héraðsdýralækni. Ef skilyrt leyfi er framlengt er önnur úttekt framkvæmd innan þriggja mánaða. Skilyrt leyfi er endurnýjað með bréfi (sbr. sniðmát í tl. 5). Sé að þeim tíma liðnum enn ekki grundvöllur til útgáfu leyfis, er umsókn hafnað.
7. Leyfi gefið út	Leyfi í Ís-Leyfi Bréf í málakerfi	7. Ábm gefur út ótímabundið leyfisskírteini í Ís-Leyfi sbr. tl. 5, ásamt bréfi (bréf sótt í staðlaðan texta í málakerfi "Samhæfing - Matvæli - Leyfi" eða "Samhæfing - Fóður - Leyfi"). Við útgáfu ótímabundins leyfis er áhættuflokkun framkvæmd og skráð í Ís-Leyf. Ábm vistar afrit af leyfi í umsókninni í málakerfinu og lokar málinu.
8. Innheimta		8. Innheimta fyrir leyfi fer samkvæmt LBE-041.